

ORKUSTOFNUN
Jarðkönnumnardeild

SÝNIEINTAK
-má ekki fjarlægja

HÓLAR í HJALTADAL
Lausleg athugun á vatnafari og jarðfræði

Arni Hjartarson
Snorri P. Snorrason

OS ORKUSTOFNUN

Jarðkönnunardeild

HÖLAR í HJALTADAL

Lausleg athugun á vatnafari og jarðfræði

Arni Hjartarson
Snorri P. Snorrason

ÞRDRATTUR

lausleg athugun á jarðfræði og vatnafari í nágrenni Hóla í Hjaltadal leiddi ljós að nokkrum erfiðleikum mun bundið að afla umbeðins vatnsmagns, 40-50 l/sek, í næsta nágrenni staðarins. Helming þessa vatns í allra hæsta lagi má afla úr lindum. Stærstu lindirnar liggja svo lágt að óvist er hvort sjálfrennsli fæst úr þeim heim að Hólum. Það sem á vantar af vatni má líklega afla með brunngreftri eða borunum og dælingu. Vænlegasta vatnsoflunarsvæðið er framburðarkeila Hofsárinnar. Mælt er með því að lindir á þessu svæði verði mældar reglulega. Vatnsoflunarmöguleikar utan svæðisins, sem markast af Víðinesá að neðan og Hofsá að framan, voru ekki skoðaðir.

Vegna beiðni frá Bændaskólanum á Hólum dags. 10.10.78. komu starfsmenn OS-JKD að Hólum hinn 18. okt. sl. og framkvæmu lausiega athugun á vatnsöflunarmöguleikum í næsta nágrenni staðarins. Sökum veðurs voru fjarlægari möguleikar ekki fannadir. Rett er að hafa í huga að haustið hefur verið þurrtíðrasamt svo grunnvatnsstaðan er lág og lindir vatnslitlar.

Forsendur.

Berggrunnur í Hjaltadal er það þéttur að kalds vatns í umtalsverðum mæli er aðeins að vænta í þeim lausu jarðlögum sem á berggrunnum liggja. Hátt til fjalla er hugsanlegt að lindir komi úr berGINU en vart svo stórar að vænlegar séu til nýtingar. Þau jarðlög sem vænlegust eru í þessu efni eru berghlaupsurðir, skriðuvængir undan gilkjöftum og áreyrar. Setlagahjallar (möl og sandur sest hefur til í fornum jökkullónum stöðuvötnum eða sjó) og jökulruöningshólar koma stundum til greina, Allar þessar gerðir jarðlaga finnast í nágrenni Hóla. (sjá kort). Verða þær nú teknar fyrir í réttri röð og dæmdar eftir vatnsgæfni.

Berghlaup ú Gvendareskál.

Gvendareskál er þannig til orðin að bergspilda hefur sprungið fram úr norðvestur horni Hólabyrðu og hlaupið niður hlíðina sem heljar mikil urðarskriða allt niður undir dalbotn.

Að sunnan afmarkast urðin af grunnri gróinni rák niður undan vesturhorni skálarinnar. Að néðan gengur urðarjaðarinn á ská út og niður hlíðina fyrir ofan staðinn og nær lengst niður spölkern norðan við Hóla. Norðurmörkin munu vera við Viðinesána. Urðin er vel gróin, lyngi vaxin og fornleg. Hólarnir sem staðurinn er kenndur við tilheyra ekki berghlaupsurðinni, sem oft hefur þó verið talið.

Aðalvatnsbóli Hólastaðar er í lind sunnan til í framjaðri urðarinnar. Þeir vatnsbólið var skóðað um miðjan dag 18. okt. síðan rann um 1 l/s um yfirlallið. Ekki vitum við hver vatninnokun á staðnum var á þessum tíma. Þó hefur hún vart verið yfir 0.1/s. Síðu því hefur lindin verið 3 l/sek á þessum tíma.

Með nokkura tonna miðlunartanki ætti þessi lind að anna vatnspörf staðarins um nokkra framtíð ef undan er skilin vatnsfrek starfsemi svo sem fiskirækt.

Ekki var aðrar lindir að finna í berghalupinu. Rétt utan og ofan Hóla sáust þó merki um lindir. Þær voru þurrar en eflaust kemur þarna upp vatn í vætutíð.

Skriðuvængir

Hlíðar Hólabyrðu ofan Raftahlíðar allt utan frá Gvendarskál og inn í Hofsdal eru giljum skornar. Neðan undir gilkjöftunum eru skriðuvængir svo sem títt er við þessar aðstæður. Lækir eru í flestum þessara gilja og renna þeir um skriðuvængina. Að þeirri leið sígur vatn úr lækjunum í skriðuna. Vatn þetta kemur svo fram á ný í lindum neðantil í vængjunum.

Athugun leiðir þó í ljós að þótt lindir séu í flestum vængjanna, eru þær allar svo smáar en dreifðar, að vart borgar sig að eltast við þær til virkjunar, etv. þó með einni undantekningu.

Langstærsti skriðuvængurinn er ofan við Hof. Skammt ofan fjalls-girðingarinnar kemur upp lind í vængnum 3-4 l/s og var 4,0°C þá hún var mæld. Aðrar lindir á þessum slóðum gáfu allar minna en 1 l/s.

Areyrar

Areyrar eru oft á tíðum ágætir vatnsleiðarar. Í grófri mælinni á

grunnvatnið gott með að streyma til linda eða brunna. Jarðlög pessarar tegundar eru all útbreidd í nágrenni Hóla. Er þá fyrst að nefna eyrar Hjaltadalsár en þær eru allvíðáttumiklar allt neðan frá Nautabúsá og inn fyrir Reyki. Undan mynni Víðineðdals eru áreyrar í ætt við skriðuvæng og undan mynni Hofsáls er geysi mikil malarkeila úr grófu efni sem áin hefur að næstu fengið úr setlagahjöllum miklum í dalsmynninu. Við fyrstu sýn virðist malarkeila Hofsárinna vænlegasta vatnsvinnslusvæðið. Neðarlega íkeilunni, niður undir Hjaltadalsá er t.d. lindasvæði. Þarna er um margar og nokkuð dreifðar lindir að ræða, sitt hvoru megin Hofsárinna. Engin þeirra er verulega stór en til samans koma parna upp 10-20 l/s. Vatn þetta er ættað úr Hofsánni en hefur sigið í keiluna á leiðinni úr dalkjaftinum. Skv. kortum frá US Army Map Service virðist vera vatnshalli úr þessum lindum í fjárhúsin á Hólum. Þessum lindum þyrfti að fylgjast með og mæla reglulega, t.d. vikulega, í um eins árs skeið svo hægt sé að gera sér grein fyrir vatnsmagninu sem þarna er . . . að fá. Þetta eru einu umtalsverðu lindirnar í áreyrunum.

Víða hefur borun eða brunnagerð í áreyrar gefist vel. Fjölmörg pláss víða um land afla sér vatns á þann hátt. Þó er sá galli á gjöf Njarðar, að slíku vatni þarf öllu að dæla. Rekstrarkostnaður vatnsveitna sem þannig afla vatns er því töluverður.

Ef afla á umbeðins vatnsmagns fyrir Hólastað, 40-50 l/s, er nokkuð ljóst að lindir í næsta nágrenni staðarins duga ekki til. Borun eða brunnagerð verðu því líklega nauðsynleg. Þorun er milljóna fyrirtæki, brunnagerð hinsvegar hundódýr og kemur stundum að sama gagni. Höldum okkur því við brunnana til að byrja með. Þarna er um að ræða 4-5 m djúpa brunna, gataða járnholika 50 cm viða (jafnvel samansoðin olíuföt), sem grafnir eru niður í eyrarnar með traktorgröfu.

Eðlilegast er að gera fyrstu tilraunir með þessa brunna í malarkeilu Hofsárinna, bæði vegna þess að hún virðist gróf og vel vatnsleiandi og líka vegna þess að þar er hugsanlegt að nota lindir að hluta til í vatnsveituna. Nákvæm staðsetning á brunnum kostar nákvæmari athuganir en gerðar voru í haust.

Settugahjallar.

Allar miðlar setfyllur eru í mynnum Vífðines og Hofsdal. Við Vífðinum vartist lítið sem ekki vatn koma úr setinu. Þunari við dæf ótan við fjárréttina koma hins vegar fram lindir. Þær gáfu þó aðeins 2-3 l/s en þær sem þær eru á sömu slóðum og vænlegustu lindirnar gætu þær reynst nýtar.

Jökulgarðar.

Jökulgarðar eru mjög áberandi landslagsform í utanverðum Hjaltadal. Er þar bæði um að ræða endagarða jöklus sem í ísaldarlok hefur skriðið út Hjaltadalinn og jaðargarða mikils jöklus sem á svipuðum tíma hefur skriðið út Skagafjörð sem feikna mikil skriðjökulstunga frá meginjöкли sem setið hefur á miðhálendi landsins.

Hólar þeir sem Hölastaður er kenndur við eru jökulgarðar fyrrnefnida jöklusins, Hið hryggjóttta og mishæðóttta land milli Garðakots og Viðvíkur eru garðar síðarnefnda jöklusins. Jökulurð af þessu tæi er venjulega illa vatnsleiðandi og ekki er okkur kunnugt um neuar umtalsverðar lindir í henni.

Lokaorð.

Athugun sú sem fór fram 18 okt. var bæði lausleg og yfirboróskennnd. Út frá henni er ekki hægt að segja fyrir um hversu mikil lindavatr er fáanlegt í nágr. Höla enda þarf slikt langtíma könnunar við. Aðeins er bent á vænlegustu staðina, úttekt gerð á grófstu dráttum jarðfræðinna.

40-50 l/s er mikil vatn. 1500-200 manna bæjarfélög eru oft fullsæl með þetta magn og hafa tíðum þurft að kosta miklu til að fá það.

Hér á eftir koma hugmyndir um næsta skref í þessari rannsókn ásamt með áætluðum kostnaði.

1. Reistar mælistíflur og vikulegar mælingar í eitt ár (kostn. samningsatriði við menn á staðnum).
2. Nákvæm úttekt á vatnsöflunarmöguleikum í Hjaltadal staðsetning brunna, dæluprófun 2 menn í 3 daða á því kostnaður 500.000. kr.
3. Traktorgrafa í einn dag og brunnar kr. 500.000.

Í framhaldi af þessu er rétt að velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að binda hugmyndir um laxeldisstöð við gömlu fjárhúsin á Höllum. Það er nokkuð ljóst að í næsta nágrenni við staðinn verður erfitt að fá nægjanlegt vatn. Ef nánari rannsókn leiddi í ljós gráupplagðar lindir innar eða utar í Hjaltadal verður spurning um hvort ekki sé rétt að miða staðsetningu stöðvarinnar við þær.

LINDAMÆLINGAR

Þegar fylgjast skal með vatnsrennsli frá lind eða smáu linda-svæði um nokkurt skeið, (nokkra mánuði eða ár), er hagkvæmast að reisa einfalda mælistíflu í lindalæknum. Auðveldast er að hafa stífluna úr timbri og jarðvegshnausum.

A Timurvegg stíflunnar skal vera V-laga yfirliti með horni. Vatnshæðin í yfirlillinu segir til um vatnsmagnið sem yfir stífluna fellur skv. meðfylgjandi töflu.


Gæta þarf þess við stíflugerðina, aðkyrrstætt lón með spegil-sléttu vatnsborði myndist innan við stífluna.

Hæfilegt er að mæla vatnshæðina í yfirlillinu vikulega (með tommustokk) og skrá tölurnar í mælibók ásamt með athugasendum um veðurfarið, sérstaklega úrkoma.

Nauðsynlegt er að hafa snjóalög í huga þegar stíflunni er valinn staður við lindalækinn svo vetrarmælingarnar kosti ekki of mikinn mokstur.

TAFLA

Vatnshæð	l/s	Vatnshæð	l/s	Vatnshæð	l/s	Vatnshæð	l/s
3 cm	0,2	11 cm	5,8	19 cm	22	27 cm	53
4 --	0,5	12 --	7,2	20 --	25	28 --	57
5 --	0,8	13 --	8,5	21 --	28	29 --	63
6 --	1,3	14 --	10	22 --	32	30 --	69
7 --	1,9	15 --	12	23 --	35	31 --	75
8 --	2,6	16 --	14	24 --	39	32 --	81
9 --	3,5	17 --	16	25 --	43	33 --	87
10 -	4,6	18 --	19	26 --	48	34 --	93
						35 --	100



Laus jardlög i nágrenni Hbla 1 Hjaltadal

